

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 28. janúar 2021 til íbúaráðs Laugardals vegna auglýsingar á till að breytingu á deiliskipulagi.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sundahafnar norðan Vatnagarða vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Sægarða birtist í Frétta- og Lögbirtingablaðinu á morgunn, föstudaginn 29. janúar 2021. Tillagan er í kynningu frá 29. janúar 2021 til og með 15. mars 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð.

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/saegardar-1-og-3>

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Sægarðar 1 og 3

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. janúar 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 21. janúar 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sundahafnar norðan Vatnagarða vegna lóðanna nr. 1 og 3 við Sægarða. Í breytingunni felst að færa lóðarmörk Sægarða 1 og 3 til suðausturs, stækka lóða Sægarða 3, stækka byggingarreit, hækka hámarkshæð byggingar á lóð Sægarða 1 og færa lagnaleið Veitna. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **29. janúar 2021 til og með 15. mars 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 15. mars 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is